# ;ALLT ATVINNA

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar**
**Viðar Ingi Pétursson** vip@365.is 512 5426
**Hrannar Helgason** hrannar@365.is 512 5441


UMHVERFISRÁÐUNEYTIÐ

**Umhverfisráðuneytið óskar eftir starfsmanni í 60% starf.**

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst. Um er að ræða símavörslu, móttöku, umsjón fundarsala, tiltekt á kaffistofu og fleira. Stundvísi og þjónustulund mikilsmetin. Um launakjör fer samkvæmt viðkomandi kjarasamningum.

Skriflegar umsóknir ásamt helstu upplýsingum um menntun og fyrri störf sendist til umhverfisráðuneytisins, Skuggasundi 1, 150 Reykjavík.

Umsóknarfrestur er til 11. febrúar 2010.

Nánari upplýsingar gefur Eva Þórarinsdóttir, í síma 545-8600.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

**Forstöðumaður**

**Innheimtustofnun sveitarfélaga á Flateyri við Önundarfjörð**

**Hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra.**

**Meðlagsgreiðendur á skrá hjá Innheimtustofnun sveitarfélaga eru rúmlega 13.000, því er um stóran viðskiptamannahóp að ræða.**

**Ef meðlaggreiðandi á við fjárhagslega- eða félagslega örðugleika að etja er mögulegt að leggja inn umsókn um ívilnun til stjórnar Innheimtustofnunar sveitarfélaga.**

**Óskum eftir að ráða** í lausa stöðu forstöðumanns útibús Innheimtustofnunar sveitarfélaga á Flateyri.

**Forstöðumaður** hefur umsjón með undirbúningi mála og málsmeðferð er varðar þau verkefni, sem stofnunin hefur til úrlausnar þ.e. innheimtu meðlagsgreiðslna og þar að lútandi kröfum. Hann hefur jafnframt umsjón með daglegum rekstri starfsstöðvarinnar og er ábyrgur gagnvart höfuðstöðvum í Reykjavík.

**Hæfniskröfur** eru að umsækjendur hafi embættispróf í lögfræði eða háskólamenntun sem nýtast mun í starfi, en kostur er marktæk reynsla af störfum á sviði innheimtumála. Áhersla er lögð á skipulagshæfni, styrk í mannlegum samskiptum, færni á sviði textagerðar, góða kunnáttu í ensku og einu Norðurlandamáli, leikni í tölvunotkun, skilvís vinnubrögð og faglegan metnað.

**Umsóknarfrestur** er til og með 1. febrúar nk. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Allar umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Guðný Harðardóttir** hjá STRÁ MRI veitir frekari upplýsingar, en viðtalstími er frá kl. 13-15. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár til **stra@stra.is** ásamt viðeigandi prófgögnum. Þeir sem eiga umsóknir fyrirliggjandi hringi eða sendi rafpóst og tilkynni þátttöku.

STRÁ MRI WORLDWIDE

Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík - sími 588 3031 - www.stra.is

Fagmennska í 25 ár

HÓTEL KEA

VEITINGASTJÓRI HÓTEL KEA

Keahótel ehf. óskar að ráða veitingastjóra til starfa á Hótel Kea Akureyri

*Starfssvið:*

Ábyrgð og dagleg umsjón með veitingasölu Hótel Kea.
Mat- og vínseðlagerð.
Starfsmannahald.
Markaðs-, sölumál og tilboðagerð.
Vinna við framreiðslu og stjórnun.

*Menntunar- og hæfnikröfur:*

Meistara- eða sveinspróf í framreiðslu.
Reynsla í stjórnun og mannahaldi.
Hæfni í mannlegum samskiptum.
Frumkvæði og sjálfstæði.
Þjónustulund, fagmennska og metnaður.

Umsóknir ásamt ítarlegri starfsferilskrá sendist á netfangið ss@keahotels.is fyrir 5. febrúar.

*Keahótel ehf. rekur 6 hótel:* Hótel Borg og Hótel Björk í Reykjavík, Hótel Gíg við Mývatn, Hótel Kea, Hótel Hörpu og Hótel Norðurland á Akureyri.



**Hótel Kea** / Hafnarstræti 87-89 / 600 Akureyri / Símar 460 2000 og 460 2029 / www.keahotels.is

**Mannauðsstjóri**



Bílaleigan ALP óskar eftir metnaðarfullum einstaklingi í nýja stöðu mannauðsstjóra.

**Starfssvið:**
- Mótun og framkvæmd starfsmannastefnu
- Ráðningar starfsmanna og umsjón launavinnslu
- Móttaka nýliða og þjálfun
- Umsjón starfsþróunar- og fræðslumála
- Þróun og umsjón með frammistöðumatskerfi

**Hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun er skilyrði
- Starfsreynsla eða framhaldsmenntun á sviði mannauðsmála er skilyrði
- Mjög góð tölvukunnátta, þekking á Navision er kostur
- Samstarfshæfni, sjálfstæð og öguð vinnubrögð

**Hér býðst tækifæri** til að móta nýtt starf hjá framsæknu fyrirtæki í alþjóðlegu starfsumhverfi. Mannauðsstjóri heyrir undir framkvæmdastjóra og tilheyrir stjórnendateymi fyrirtækisins. Allar fyrirspurnir og umsóknir verða meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

**Upplýsingar veita:**
Inga S. Arnardóttir, inga@hagvangur.is og Kristín Guðmundsdóttir, kristin@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk.
Umsóknir óskst fylltar út á www.hagvangur.is

Budget AVIS

ALP er ein af stærstu bílaleigum landsins og býður auk þess upp á bíla erlendis á yfir 6300 leigustöðvum Avis og Budget.

HAGVANGUR

Knarrarvogur 2 • 104 Reykjavík • Sími 591 4000 • avis.is

# Framkvæmdastjóri yfir fjárstýringu, markaðsviðskiptum og fyrirtækjaráðgjöf

Landsbankinn

Laust er til umsóknar starf framkvæmdastjóra yfir nýju sviði hjá Landsbankanum. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni á fjármálamarkaði. Umsækjandi þarf að geta þróað og skipulagt sviðið með það að markmiði að veita framúrskarandi þjónustu til viðskiptavina og á sama tíma skilað tilætlaðri arðsemi af starfseminni. Viðkomandi tekur sæti í framkvæmdastjórn Landsbankans.

**Á hinu nýja sviði verða eftirtaldar þrjár deildir sem áður tilheyrðu Fjármálasviði Landsbankans:**

**Markaðsviðskipti (Capital Markets):** Deildin veitir alhliða verðbréfaþjónustu til fagfjárfesta og útgefenda verðbréfa. Markaðsviðskipti annast frumsölu hlutabréfa og skuldabréfa og miðlun afleiða, hlutabréfa, skuldabréfa, verðbréfasjóða og tengdra afurða á innlendum og erlendum mörkuðum.
**Fjárstýring (Treasury):** Sér um stýringu á lausafé, gjaldeyrisstöðu, skuldabréfastöðu, vaxta- og verðtryggingaráhættu og fjármögnun bankans. Viðskiptavakt á millibankamarkaði með gjaldeyri og krónumarkaði (REIBOR). Samskipti við Seðlabanka Íslands og erlenda samstarfsbanka.
**Fyrirtækjaráðgjöf (Corporate Finance):** Helstu verkefni fyrirtækjaráðgjafar eru ráðgjöf við kaup og sölu fyrirtækja, ráðgjöf við fjárhagslega endurskipulagningu fyrirtækja, umsjón með útboðum á hlutabréfum og skuldabréfum, skráning fyrirtækja í kauphöll og ráðgjöf við fjármögnun fyrirtækja og verkefna.

## Hæfniskröfur og eiginleikar:

- Háskólamenntun á sviði hagfræði, viðskiptafræði, verkfræði eða sambærilegt.
- Próf í verðbréfaviðskiptum er æskilegt.
- Haldgóð reynsla af störfum á fjármálamarkaði.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum.
- Fagmennska og heiðarleg vinnubrögð.
- Framúrskarandi greiningarhæfileikar.

## Nánari upplýsingar veitir:

Atli Atlason, framkvæmdastjóri Starfsmannasviðs í síma 410 7904.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Framkvæmdastjóri". Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar nk.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

---

HÓTEL HÖFÐABREKKA

## Ýmis störf í boði á Hótel Höfðabrekku í Mýrdal

Vantar matreiðslumenn og aðstoðarfólk í eldhús, þjóna, starfsfólk í gestamóttöku, veitingasal og herbergjaþrif.

Húsnæði í boði

Áhugasamir sendi umsóknir á hotel@hofdabrekka.is

www.hofdabrekka.is

---

LANDSPÍTALI HÁSKÓLASJÚKRAHÚS



## Læknar í starfsnámi - Geðsvið

**Læknar í starfsnámi óskast á geðsvið frá september eða október 2010 í 6-12 mánuði. Starfshlutfall er 80-100%. Styttri stöður (6 mánuðir) geta nýst sem hluti af sérnámi í öðrum sérgreinum en geðlæknisfræði og einnig hentað heimilislæknum sem vilja auka þekkingu sína á greiningu og meðferð geðsjúkdóma.**

### Helstu verkefni og ábyrgð

- Klínísk vinna og vaktir
- Þátttaka í kennslu- og fræðsluprógrammi
- Þátttaka í reglubundinni handleiðslu og þjálfun í samtalsmeðferð, m.a. í hugrænni atferlismeðferð, psychodynamiskri meðferð og áhugahvetjandi samtölum, eru hluti af sérnámi í geðlæknisfræði.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Almennt lækningaleyfi
- Jákvæðni og hæfni í mannlegum samskiptum
- Vilji til þátttöku í áframhaldandi uppbyggingu sérnámsins og rannsóknum.

Reynsla af hópmeðferð og þátttaka í rannsóknum stendur áhugasömum umsækjendum einnig til boða. Unnið hefur verið ötullega að því að byggja upp prógrammið í samvinnu við námslækna á síðustu árum.

Umsjónardeildarlæknir er Erik Eriksson, netfang erikbse@landspitali.is.

Umsjón með framhaldsmenntun unglækna á geðsviði hefur Nanna Briem, geðlæknir.

Viðtöl verða höfð við umsækjendur og byggist ákvörðun um ráðningu í starfið á þeim og innsendum gögnum.

**Umsóknarfrestur er til og með 08.02.2010.**

Sækja skal um rafrænt á heimasíðu Landspítala, www.landspitali.is. Gögn sem ekki er hægt að senda rafrænt skulu berast til Engilberts Sigurðssonar, yfirlæknis, LSH geðlækningar 32A við Hringbraut

### Upplýsingar veita

Engilbert Sigurðsson, yfirlæknir, netfang engilbs@landspitali.is, sími 543 1000
Nanna Briem, sérfræðilæknir, netfang nannabri@landspitali.is, sími 543 1000

Starfið er bundið við sjúkrahúsið eingöngu sbr. yfirlýsingu LSH vegna kjarasamnings sjúkrahúslækna dags. 2. maí 2002, sbr. breytingu 5. mars 2006. Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og Læknafélag Íslands.. Sótt er um starf rafrænt með því að smella á „sækja um starf" á heimasíðu www.landspitali.is. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, mannauðssviði, Eiríksgötu 5,. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

**Landspítali er reyklaus vinnustaður**

---

Capacent Ráðningar

# ERT ÞÚ FORVITIN(N) OG HÆFILEGA TORTRYGGIN(N)?

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Fjármálaeftirlitið (FME) er sjálfstæð ríkisstofnun með sérstaka stjórn. Hlutverk FME er að fylgjast með því að starfsemi eftirlitsskyldra aðila sé í samræmi við lög og reglur og eðlilega viðskiptahætti. Eftirlitsskyldir aðilar stofnunarinnar eru m.a. viðskiptabankarnir, sparisjóðir, lána- og verðbréfafyrirtæki, verðbréfamiðlar, lífeyrissjóðir, rekstrar – og vátryggingafélög, kauphallir o.fl. Nánari upplýsingar um stofnunina má nálgast á www.fme.is

**Fjármálaeftirlitið óskar eftir að ráða sérfræðing á verðbréfasvið. Leitað er eftir öflugum einstaklingi með góða greiningarhæfileika. Í boði eru fjölbreytt verkefni og áhugavert starf, sem snýr m.a. að rannsóknum á bankahruninu og endurreisn fjármálakerfisins.**

**Starfssvið**

- Rannsóknir á verðbréfamarkaði
- Eftirlit með viðskiptaháttum á verðbréfamarkaði og fjárfestavernd
- Vettvangsathuganir og skýrslugerð
- Þátttaka í gerð leiðbeinandi tilmæla, reglna og breytingum á regluverki
- Þátttaka í innra starfi Fjármálaeftirlitsins
- Önnur tilfallandi verkefni

**Menntunar- og hæfniskröfur**

- Viðeigandi háskólapróf, t.d. viðskiptafræði, hagfræði, verkfræði eða lögfræði
- Viðeigandi reynsla af störfum á fjármálamarkaði æskileg
- Reynsla af verðbréfamiðlun kostur
- Greiningarhæfni
- Góð íslensku- og enskukunnátta og færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Hæfni til að leiðbeina og stýra verkefnum er kostur
- Frumkvæði, nákvæmni, metnaður og góð samskiptahæfni

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is.** Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# VILTU BREYTINGAR?

LS Retail ehf. er vaxandi hugbúnaðarhús sem þróar sérhæfðan hugbúnað fyrir verslanir. Vörur fyrirtækisins byggja að miklu leyti á hugbúnaði frá Microsoft með áherslu á Microsoft Dynamics. LS Retail ehf. er í fremstu röð fyrirtækja sem þróa verslunar- og veitingahúsalausnir á grunni Microsoft Dynamics fyrir alþjóðamarkað. LS Retail verslunarlausnir hafa verið seldar til 132 landa, þýddar á 33 tungumál og er dreift um net 120 vottaðra samstarfsfyrirtækja í rúmlega 60 löndum. Lausnir frá LS Retail eru í notkun hjá 1.400 fyrirtækjum í yfir 26.000 verslunum á um 53.000 afgreiðslukössum um allan heim.

**LS Retail óskar eftir drífandi og metnaðarfullum sérfræðingum til starfa.**

## HUGBÚNAÐARHÖNNUÐUR .NET

**Starfið felst í** hönnun og forritun hugbúnaðarlausna í C#. Viðkomandi mun einnig koma að greiningu lausna og prófunum.
Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun er skilyrði. Reynsla af hugbúnaðargerð og forritun í Visual Studio skilyrði.
Þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra kostur.

## HUGBÚNAÐARHÖNNUÐUR MICROSOFT DYNAMICS NAV

**Starfið felst í** hönnun og forritun viðskiptalausna fyrir Microsoft Dynamics NAV. Viðkomandi mun einnig koma að greiningu lausna, prófunum og gangsetningu lausna.
Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun skilyrði. Reynsla af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics NAV skilyrði.
Góð þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra.

## HUGBÚNAÐARHÖNNUÐUR MICROSOFT DYNAMICS AX

**Starfið felst í** hönnun og forritun viðskiptalausna fyrir Microsoft Dynamics AX. Viðkomandi mun einnig koma að greiningu lausna, prófunum og gangsetningu lausna.
Háskólamenntun í verkfræði, tölvunarfræði eða sambærileg menntun skilyrði. Reynsla af hugbúnaðargerð og hönnun hugbúnaðarkerfa með Microsoft Dynamics AX skilyrði.
Góð þekking á gagnagrunnskerfum og virkni þeirra.

Sérfræðingar LS Retail leggja sig fram, standa saman og vita hvað þarf til að skara framúr. Frumkvæði og nýsköpun eru mikilsverðir eiginleikar sem hafa skipað LS Retail í fremstu röð á sínu sviði. LS Retail leita að öflugu og metnaðarfullu fólki sem er reiðubúið að takast á við fjölbreytt og vaxandi verkefni. Nú er lag að sækja um starf og koma til liðs við samheldinn og sprækan hóp. Heimurinn allur er undir en höfuðstöðvar fyrirtækisins flytjast bráðlega í nýtt og glæsilegt húsnæði miðsvæðis í Reykjavík. Meðal ánægðra viðskiptavina sem nota kerfið eru: adidas, Vero Moda, Jack and Jones, Magasin du Nord og IKEA. Nánari upplýsingar er að finna á www.LSRetail.com.

LS Retail is a Member of Inner Circle and President´s Club for Microsoft Dynamics® 2009 and is Microsoft Dynamics® ISV of the Year 2009 for Western Europe.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Tómas Oddur Hrafnsson (tomas.hrafnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

Capacent Ráðningar

# LEITUM VIÐ AÐ ÞÉR?

BANKASÝSLA RÍKISINS

Bankasýsla ríkisins er ný ríkisstofnun sem fer með eignarhluti ríkisins í fjármálafyrirtækjum. Stofnunin skal í starfsemi sinni leggja áherslu á endurreisn og uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar í samræmi við eigandastefnu ríkisins á hverjum tíma. Stofnunin starfar á grundvelli laga nr. 88/2009 og innihalda þau nánari lýsingu á verkefnum Bankasýslunnar. Bankasýslunni er markaður starfstími til 5 ára.

**Bankasýsla ríkisins auglýsir laus til umsóknar störf sérfræðinga í eignaumsýslu og starf ritara til að sinna verkefnum við skjala- og upplýsingamál.**

## SÉRFRÆÐINGAR Í EIGNAUMSÝSLU

**Leitað er að öflugum einstaklingum sem eru talnaglöggir, hafa ríka ábyrgðartilfinningu og áhuga á að taka þátt í uppbyggingu heilbrigðs fjármálakerfis. Viðkomandi þurfa að búa yfir hæfni til að taka saman og greina upplýsingar og hafa getu til að koma frá sér upplýsingum á hnitmiðaðan og skipulegan hátt í máli og myndum.**

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð og eftirlit með eignum í umsjá Bankasýslu ríkisins
- Þátttaka í að framfylgja eigendastefnu
- Úrvinnsla og endurskipulagning eignasafns
- Upplýsingagjöf til eiganda
- Undirbúningur tillagna um útgönguleiðir og sölu eigna

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólapróf sem nýtist í starfi á sviði hagfræði, viðskiptafræði eða verkfræði
- Umtalsverð reynsla af fjárfestingum og/eða bankamálum
- Þekking og reynsla í að greina veikleika og styrkleika í rekstri
- Framtíðarsýn og hæfileiki til að koma auga á lausnir
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Góðir samskiptahæfileikar

## SKJALA - OG UPPLÝSINGAMÁL

**Leitað er að einstaklingi með góða skipulagshæfileika, ríka ábyrgðartilfinningu og góða samskiptahæfileika. Reynsla af uppbyggingu skjalastjórnunar er kostur. Áhugi og vilji til að bæta við þekkingu sína sem og hæfni til að hafa umsjón með vefsíðu.**

**Helstu verkefni**
- Ábyrgð á skjalavistun og ritun fundargerða
- Umsjón með vefsíðu
- Þátttaka í textasmíð, gerð verkferla og yfirlestur texta
- Innkaup og samningar
- Almennt skrifstofuhald

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, t.d. á sviði tungumála, sálfræði eða stjórnmálafræði
- A.m.k. 3 ára starfsreynsla af sambærilegu starfi kostur
- Þekking og reynsla af skjalastjórnun og/eða upplýsingamálum kostur
- Gott vald á íslensku og ensku auk færni til að tjá sig í rituðu máli
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar

Umsjón með störfunum hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Helga Jónsdóttir (helga.jonsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 7. febrúar nk. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir að sækja um störfin á heimasíðu Capacent Ráðninga, **www.capacent.is**. Umsóknum eiga að fylgja ítarlegar starfsferilsskrár og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í störfin.

Capacent Ráðningar
Borgartúni 27
Sími 540 1000

capacent

**Norconsult is Norway's largest multi-disciplinary consultancy, which is focused on community planning and projecting. Over an extensive period of time, Norconsult has built up a solid foundation as a leading player both nationally and internationally.**

Norconsult

We are looking for a new employee for our department Road and Traffic in Bergen. The department consists of 12 employees, who have excellent academic experience in the field. There are many projects, with varying sizes, including projects such as "Bybanen" and "Ringvei Vest". In addition, you will have opportunities to participate in international projects.
We are located in Valkendorfsgate 6 in Bergen, in newly refurbished modern premises. We work in multidisciplinary projects, and our engineers get great opportunities to develop in other areas in cooperation with our different departments.

**Desired formal background:**

- Civil engineering, Road and Traffic

Experience:

- 10 years experience in project management, Road and Traffic

**Work tasks:**

- Planning, projection and development of roads
- Solution oriented, with interdisciplinary understanding
- Ability to market and build relationships
- Experience with CAD or GIS is an advantage
- Fully mastered the Scandinavian language, both written and orally

We are concerned with well-being, job satisfaction, career building and long-term possibilities. As an employee, you will have considerable opportunity to fulfill your ambitions.
Our employees have very good benefits and conditions: please look into our announce on: www.boos.no

**For further information or inquires, your contact person is:**
**Kristine Muri, Boos Bemanning, Manager**
**Ph: +47 55 52 50 90 / +47 926 05 486**
**E-mail: kristine.muri@boos.no**
**Alex Lunde, Norconsult AS, Section Manager**
**Ph: +47 55 37 55 03 / +47 454 04 503**
**E-mail: alex.lunde@norconsult.com**

Marel er alþjóðlegt hátæknifyrirtæki í fararbroddi í þróun og framleiðslu tækja, hugbúnaðar og lausna fyrir matvælaiðnað. Hjá fyrirtækinu starfa um 3700 manns í fimm heimsálfum, þar af um 350 á Íslandi.

Við bjóðum upp á góða vinnuaðstöðu, skilvirka starfsþjálfun, sveigjanlegan vinnutíma, mötuneyti, barnaherbergi, framúrskarandi íþróttaaðstöðu og gott félagslíf.

# Forritari
## fyrir kerfishugbúnað

Marel leitar að öflugum forritara í INNOVA kerfishugbúnaðarteymi fyrirtækisins. INNOVA er einn öflugasti kerfishugbúnaður sem notaður er fyrir framleiðslueftirlit og framleiðslustýringu í matvælaiðnaði. Hugbúnaðurinn er í notkun í helstu matvælafyrirtækjum um allan heim. Nú starfa um 50 manns við þróun, sölu og þjónustu á INNOVA hugbúnaðinum hér á landi og í Danmörku.

**Þú færð að:**

- vinna í afburða teymi forritara og hugbúnaðarráðgjafa
- taka þátt í innleiðingu á Agile/SCRUM teymisvinnu
- takast á við framtíðarstarf í ört vaxandi alþjóðlegri hugbúnaðarstarfsemi

**Þú þarft að:**

- vera með menntun í kerfisfræði, tölvunarfræði og/eða verkfræði eða sambærilega menntun
- hafa góða reynslu í forritun og hugbúnaðargerð með Visual Studio, C# og MS SQL Server
- búa yfir hæfni til samskipta og geta unnið vel í teymi
- búa yfir góðri enskukunnáttu og eiga auðvelt með að ferðast vegna starfsins

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ásgeir Ásgeirsson í síma 563 8000.
*Fylla skal út umsóknir á heimasíðu Marel: **www.marel.com/company/Careers/** fyrir 26. janúar nk.*

www.marel.com marel



*Langar þig til að selja fallegan tískufatnað á spennandi hátt?*

**Við hjá Friendtex leitum eftir duglegum sölufulltrúum.**

Hversu miklum tíma þú vilt verja í að selja tískufatnaðinn er alveg undir sjálfri þér komið.

Upplýsingar í síma
568 2870 eða 691 0808.

WWW.FRIENDTEX.IS

BONITO EHF.
FAXAFENI 10
108 REYKJAVÍK

friendtex

MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

## Mannréttindaskrifstofa Íslands óskar eftir að ráða framkvæmdastjóra

Mannréttindaskrifstofa Íslands er rannsóknar- og upplýsingaskrifstofa um mannréttindamál sem sett var á stofn af óháðum félagasamtökum og stofnunum árið 1994. Að henni standa nú 14 aðilar. Skrifstofan er í samstarfi við mannréttindastofnanir á Norðurlöndum og annars staðar í Evrópu.
Meðal þátta á starfssviði skrifstofunnar eru umsagnir um mannréttindamál á Íslandi til innlendra og erlendra aðila.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
Viðeigandi háskólamenntun, helst meistaragráða á sviði mannréttinda eða þjóðaréttar.
Þekking og áhugi á mannréttindamálum.
Sjálfstæð vinnubrögð og frumkvæði.
Færni í mannlegum samskiptum.

**Starfssvið:**
Umsjón með daglegum rekstri skrifstofu og samstarfsverkefnum.
Verkefni á sviði mannréttinda.

Ráðið verður til eins árs, með möguleika á framlengingu.

Umsóknir berist Mannréttindaskrifstofu Íslands, á netfangið icehr@humanrights.is fyrir 7. febrúar, n.k.

Mannréttindaskrifstofa Íslands.

*www.hafnarfjordur.is*

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

## Félagsleg heimaþjónusta
# Lausar stöður

Óskum eftir hressum og áhugasömum starfsmönnum í dagþjónustu hjá Félagsþjónustunni í Hafnarfirði. Helstu verkefni eru að aðstoða þjónustuþega við athafnir daglegs lífs, auka færni þeirra og sjálfstæði. Við bjóðum starfsmönnum fjölbreytni í starfi, fræðslu og handleiðslu og öruggt starfsumhverfi, Í boði er sveigjanlegur starfstími og starfshlutföll eru samkomulagsatriði.

Starfið gerir kröfu um jákvætt viðmót og góðra hæfileika til mannlegra samskipta. Sjálfstæði og frumkvæði í starfi eru miklir kostir

Helstu verkefni eru að aðstoða þjónustuþega við athafnir daglegs lífs, auka færni þeirra og sjálfstæði ásamt því að aðstoða við þrif þegar við á.

Við leitum að einstaklingum með félagsliðamenntun eða aðra félagslega menntun, reynslu eða mikinn áhuga á störfunum.

Laun fara eftir kjarasamningi Hafnarfjarðarbæjar og Verkalýðsfélagsins Hlífar.

Upplýsingar um starfið veitir Sjöfn Guðmundsdóttir fulltrúi heimaþjónustudeild. Einnig er hægt að senda fyrirspurnir og umsóknir á sjofng@hafnarfjordur.is

Félagsþjónustan í Hafnarfirði




# Starfsmaður óskast í Fyrirtækjaþjónustu Borgunar

Vegna aukinna umsvifa í netviðskiptum óskum við eftir kraftmiklum einstaklingi til starfa í Fyrirtækjaþjónustu. Fyrirtækjaþjónusta Borgunar annast færsluhirðingu milli korthafa og söluaðila og býður fyrirtækjum upp á ýmsar tæknilausnir fyrir greiðslumiðlun.

**Helstu verkefni:**

– Móttaka og yfirferð umsókna um viðskipti
– Áreiðanleikagreining umsækjenda
– Eftirfylgni með seljendum vöru og þjónustu á netinu
– Almenn samskipti og þjónusta við viðskiptavini
– Önnur tilfallandi verkefni

**Menntun og hæfniskröfur:**

– Háskólamenntun sem nýtist í starfi
– Reynsla af greiðslumiðlun kostur
– Mjög góð enskukunnátta
– Greiningarhæfni og áhugi á rannsóknarvinnu á netinu
– Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
– Sjálfstæði í starfi og hæfni til að vinna undir álagi

Nánari upplýsingar veitir Anna Rut Þráinsdóttir starfsmannastjóri (art@borgun.is) í síma 560 1579 eða Sigurður Guðmundsson forstöðumaður fyrirtækjaþjónustu í síma 560 1600. Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu okkar **www.borgun.is**.
**Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar næstkomandi.**

Borgun er framsækið fyrirtæki sem hefur sérhæft sig í öruggri greiðslumiðlun í 30 ár. Fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum færsluhirðingu fyrir MasterCard, Maestro, Visa, Visa Electron, JCB, Diners og American Express.

BORGUN

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is





PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Þrjú störf sérfræðinga laus til umsóknar

**Í boði eru fjölbreytt og áhugaverð störf hjá stofnun sem leggur áherslu á gildin fagmennsku, traust og víðsýni. Um framtíðarstörf er að ræða.**

## LÖGFRÆÐINGUR

Lögfræðideild PFS ber ábyrgð á vinnslu stjórnsýslumála, lausn ágreiningsmála, álagningu og eftirfylgni kvaða sem leiða af ákvæðum fjarskipta- og póstlaga. Hlutverk lögfræðideildar er jafnframt að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld varðandi löggjöf og reglusetningu á fyrrnefndum réttarsviðum.

**Starfssvið** / Starf lögfræðings er m.a. fólgið í samningu álitsgerða og stjórnsýsluákvarðana, lögfræðilegri ráðgjöf, samskiptum við póst- og fjarskiptafyrirtæki og undirbúningi stjórnsýslureglna.

**Menntunar og hæfniskröfur** / Embættispróf, ML í lögfræði eða sambærilegt próf. Þekking og starfsreynsla á sviði fjarskiptaréttar, stjórnsýsluréttar eða samkeppnisréttar er æskileg.

## SÉRFRÆÐINGUR Í GREININGARDEILD

Greiningardeild PFS ber ábyrgð á markaðs- og kostnaðargreiningum, tölfræðivinnslu, hagfræðirannsóknum og öðrum verkefnum er lúta að viðskiptalegum þáttum eftirlits á fjarskipta- og póstmarkaði.

**Starfssvið** / Starf sérfræðings í greiningardeild er fólgið í markaðs- og kostnaðargreiningum auk annarra sérverkefna á verksviði deildarinnar ásamt stuðningi við störf annarra deilda.

**Menntunar og hæfniskröfur** / Háskólapróf í viðskiptafræði, hagfræði eða sambærileg menntun. Framhaldsnám eða starfsreynsla á sviði fjarskipta er kostur.

## SÉRFRÆÐINGUR Í TÆKNIDEILD

Tæknideild PFS ber ábyrgð á skipulagningu númeramála og tíðnirófsins á Íslandi ásamt úthlutun á tíðnum og upplýsingagjöf um notkun. Einnig ber deildin ábyrgð á net- og upplýsingaöryggi.

**Starfssvið** / Starf sérfræðings í tæknideild er m.a. fólgið í vinnu við skipulagningu tíðnirófsins, númeramál og markaðseftirlit. Einnig úthlutun tíðna ásamt þróun upplýsingagjafar varðandi tíðnimál, númeramál og fjarskiptavirki.

**Menntunar og hæfniskröfur** / Háskólapróf í verk- eða tæknifræði eða sambærileg menntun. Framhaldsnám eða starfsreynsla á sviði fjarskipta er kostur. Reynsla af verkefnastjórnun er einnig kostur.

**Almennar hæfniskröfur í öll störfin** / Umsækjendur þurfa að hafa gott vald á íslensku og ensku, búa yfir ríkulegri samskiptafærni auk þess að vera agaðir og skipulagðir í vinnubrögðum. Umsækjendur þurfa að eiga auðvelt með að starfa sjálfstætt sem og í hópi og jafnframt búa yfir þeim sveigjanleika og festu sem nauðsynleg er til að ná árangri í samskiptum við markaðsaðila á póst- og fjarskiptamarkaði.

**Umsóknarfrestur** / Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar 2010.

**Umsækjendur eru beðnir um að sækja um störfin á heimasíðu PFS www.pfs.is og senda jafnframt ferilskrár í viðhengi.**

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Hlutverk Póst- og fjarskiptastofnunar er að tryggja hagkvæm, örugg og aðgengileg fjarskipti og póstþjónustu og efla virka samkeppni á markaði.

Starf stofnunarinnar mótast af alþjóðlegum kröfum og tekur breytingum í samræmi við öra alþjóðlega þróun. Meginþungi starfseminnar eru fjarskipti og tengd mál.

Hjá PFS starfa 24 starfsmenn, aðallega sérfræðingar við úrlausn tæknilegra, viðskiptalegra og lagalegra verkefna er tengjast hlutverki stofnunarinnar.

PFS hvetur konur jafnt sem karla til að sækja um störf hjá stofnuninni.

Sjá nánari upplýsingar á www.pfs.is

**Nánari upplýsingar um störfin veitir Anna Dóra Guðmundsdóttir**, mannauðs- og gæðastjóri, í síma 510 1500. Einnig má senda fyrirspurnir í tölvupósti á netfangið annadora@pfs.is

# Grafískur hönnuður

Stór auglýsingastofa vill ráða grafískan hönnuð til starfa.

**Starfssvið:**
- Í boði eru fjölbreytt verkefni á skemmtilegum vinnustað
- Til greina kemur ráðning til skemmri eða lengri tíma eftir aðstæðum

**Hæfniskröfur:**
- Próf í grafískri hönnun frá Listaháskóla Íslands, eða sambærilegt
- Að minnsta kosti 2ja ára starfsreynsla
- Geta til að vinna vel undir álagi

Nánari upplýsingar veitir:
Þórir Þorvarðarson,
thorir@hagvangur.is

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk.

Umsóknir óskast fylltar út á www.hagvangur.is

HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK SÍMI 520 4700
www.hagvangur.is

**Fyrirtækið:** Lítið útibú frá erlendu fyrirtæki á skipasviði. Fámennur vinnustaður, á höfuðborgarsvæðinu.
**Starfslýsing:** Skrifstofustarf. Aðallega föst verkefni sem krefjast góðrar íslensku- og enskukunnáttu (talað/ritað mál), tölvufærni (ritvinnsla/töflureiknir/tölvupóstur), nákvæmni, samviskusemi og góðs minnis.
**Vinnutími:** 9-13.
**Menntunar- og hæfniskröfur:** Stúdentspróf er æskilegt.
**Annað:** Mikilvægir þættir eru stundvísi, góð mæting í vinnu, glaðlegt viðmót og að viðkomandi sé sæmilega röskur, þó ekki á kostnað nákvæmni.

**Umsóknir með upplýsingum um menntun, reynslu og fyrri störf sendist á: box@frett.is merkt "Útibú-2301".**

Umsjónarfélag einhverfra

## Umsjónarmaður Sumarnámskeiða fyrir einhverfa unglinga.

Umsjónarfélag Einhverfra óskar eftir að ráða Umsjónarmann fyrir Sumarnámskeið fyrir Einhverfa unglinga sem fyrirhuguð eru í sumar. Reiknað er með að námskeiðin verði í allt að 6 vikur en Umsjónarmaður þyrfti að geta byrjað sem fyrst í einhverju starfshlutfalli (25%) sem síðan myndi aukast fram í sumarbyrjun. Nánari upplýsingar um námskeiðin má sjá á www.minnstyrkur.wordpress.com

**Ábyrgðarsvið**
- fagleg þjónusta við þáttakendur
- samvinna við aðstandendur og samstarfsaðila
  - þátttaka í kennslu
  - utanumhald námskeiða
  - umsjón með daglegum rekstri
  - áætlanagerð

**Menntunar- og hæfniskröfur**
- próf/menntun í þroskaþjálfun eða sambærileg menntun t.d. kennaramenntun
- reynsla af vinnu með fötluðum
- skipulags og leiðtogahæfileikar
- þekking á hugmyndafræði málefna fatlaðra
- jákvæð viðhorf og samskiptahæfileikar

Áhugasamir vinsamlegast sendi umsókn með ferilskrá til :

Umsjónarfélags Einhverfra
Háaleitisbraut 13
108 Reykjavík

Eða á netfangið einhverf@vortex.is

Umsóknarfrestur er til 31. janúar 2010.

SEÐLABANKI ÍSLANDS

# Laus störf á alþjóða- og markaðssviði Seðlabanka Íslands

**Helstu verkefni alþjóða- og markaðssviðs eru:**
- fyrirgreiðsla við fjármálafyrirtæki og samskipti við þau
- eftirlit með innlendum gjaldeyris- og krónumarkaði
- ávöxtun gjaldeyrisforða
- umsjón með erlendum og innlendum skuldum ríkissjóðs
- umsjón með kröfum ríkissjóðs og Seðlabankans á innlend fjármálafyrirtæki

## Auglýst er eftir sérfræðingi

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- háskólapróf í viðskipta- og hagfræði eða jafngildum greinum
- starfsreynsla úr fjármálafyrirtæki
- góð íslensku og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli
- frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi
- sjálfstæði í vinnubrögðum
- færni í mannlegum samskiptum

Starfið tengist fyrst og fremst verkefnum sem tengjast fyrirgreiðslu við innlend fjármálafyrirtæki og eftirlit með gjaldeyris- og krónumarkaði. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Nánari upplýsingar veitir Gerður Ísberg aðstoðarframkvæmdastjóri á alþjóða- og markaðssviði.**

## Auglýst er eftir starfsmanni til sérhæfðra skrifstofustarfa og almennrar tölvuvinnslu

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- stúdentspróf eða sambærileg menntun
- góð tölvuþekking, kunnátta á Excel og Word
- starfsreynsla úr fjármálafyrirtæki æskileg
- góð íslensku og enskukunnátta, bæði í töluðu og rituðu máli
- frumkvæði, nákvæmni og metnaður í starfi
- sjálfstæði í vinnubrögðum
- færni í mannlegum samskiptum

Starfið tengist fyrst og fremst verkefnum er varða lánamál ríkissjóðs en einnig öðrum verkefnum alþjóða- og markaðssviðs. Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.
**Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson.**

**Umsóknum skal skilað fyrir 11. febrúar 2010 til rekstrarsviðs Seðlabanka Íslands.**

BARNAVERNDARSTOFA

## Forstöðumaður meðferðar- og skólaheimilis á Suðurlandi

Á næstunni mun Barnaverndarstofa hefja rekstur meðferðarheimilis fyrir unglinga að Geldingalæk á Rangárvöllum. Meðferðin er ætluð unglingum sem glíma við alvarlegan hegðunarvanda þegar önnur stuðningsúrræði samkvæmt ákvæðum barnaverndarlaga hafa ekki skilað árangri eða eru talin ófullnægjandi. Áhersla verður lögð á þátttöku foreldra og fjölskyldu í meðferðinni, þjálfun í félagsfærni og sjálfsstjórn, nám og starfshæfni, sem og undirbúning fyrir heimkomu að lokinni vistun.

Forstöðumaður meðferðarheimilisins heyrir undir Barnaverndarstofu en ber ábyrgð á starfsmannahaldi, meðferðarstarfi, daglegum rekstri og samskiptum heimilisins út á við. Forstöðumaður vinnur í nánu samstarfi við barnaverndarnefndir, Meðferðarstöð ríkisins að Stuðlum og aðra lykilaðila í meðferð fjölskyldu og barns.

Barnaverndarstofa leitar eftir einstaklingi í fullt starf sem getur veitt slíku heimili forstöðu og tekið þátt í að undirbúa og móta starfsemina.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**
- Háskólamenntun á uppeldis, félags- eða heilbrigðissviði
- Reynsla af meðferð barna með alvarlegan hegðunarvanda og fjölskyldna þeirra
- Áhugi og færni í að beita viðurkenndum aðferðum svo sem atferlismótun, hugrænni atferlismeðferð, þjálfun í félagsfærni (ART), fjölskylduráðgjöf og -meðferð
- Æskileg reynsla af stjórnun og rekstri
- Lögð er áhersla á samskiptahæfni og einstaklingsbundna þætti sem að mati Barnaverndarstofu nýtast í starfi

Umsóknarfrestur er til 13. febrúar 2010. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í mars eða apríl. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum Barnaverndarstofu við viðkomandi stéttarfélög.

Umsóknum skal skila til Barnaverndarstofu, Borgartúni 21, 105 Reykjavík. Einnig má skila umsóknum rafrænt (halldor@bvs.is).

Nánari upplýsingar veitir forstjóri Barnaverndarstofu eða Halldór Hauksson sviðsstjóri í síma 530 2600.

Barnaverndarstofa áskilur sér rétt til að hafna öllum umsóknum og framlengja umsóknarfrest ef umsækjendur uppfylla ekki skilyrði. Öllum umsóknum verður svarað skriflega þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.







# Hótelstjórar óskast

**REYKJAVÍK:**
Fosshótel Barón
Fosshótel Lind
Fosshótel Suðurgata
Garður Gistihús

**VESTURLAND:**
Fosshótel Reykholt

**NORÐURLAND:**
Fosshótel Dalvík
Fosshótel Laugar
Fosshótel Húsavík

**AUSTURLAND:**
Fosshótel Vatnajökull
Fosshótel Skaftafell

**SUÐURLAND:**
Fosshótel Mosfell

**Fosshótel leitar að hótelstjórum á eftirfarandi sumarhótel:**
Fosshótel Mosfell, Fosshótel Laugar, Fosshótel Vatnajökul, Fosshótel Suðurgötu og Garð Gistihús.

- Þekking á Navision hótelbókunarkerfinu er skilyrði.
- Reynsla og þekking af hótelstarfsemi er skilyrði.
- Menntun á sviði stjórnunar-, viðskipta- og ferðamálafræði er æskileg.

**Umsóknarfrestur er til 5. febrúar nk.**
Umsóknir skal senda á kari@fosshotel.is

Frekari upplýsingar veita Kári Hlíðar Jósefsson, kari@fosshotel.is eða Davíð Torfi Ólafsson, david@fosshotel.is.

ALLT KLÁRT FYRIR ÞÍNA **HEIMSÓKN!**

FOSSHOTEL
VINALEGRI UM ALLT LAND

FOSSHÓTEL / SIGTÚN 38 / 105 REYKJAVÍK
SÍMI: 562 4000 / FAX: 562 4001
E-MAIL: sales@fosshotel.is

EXPO • www.expo.is

# Plastprent

## Plastprent leitar að starfsmanni í Plastdeild.

**Starfslýsing:**
Í Plastdeild (extrusion deild) eru framleiddar plastfilmur úr polýetýlen sem notaðar eru til framleiðslu áprentaðra og óáprentaðra umbúða.
Unnið er á þrískiptum vöktum 5 daga vikunnar.
Starfinu getur fylgt töluverð líkamleg áreynsla.

**Hæfniskröfur:**
- Samviskusemi, stundvísi og reglusemi.
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.
- Grunnkunnátta í íslensku og ensku nauðsynleg.

## Plastprent leitar að aðstoðarverkstjóra í Plastdeild.

**Starfslýsing:**
**Aðstoðarverkstjóri í Plastdeild.**

**Hæfniskröfur:**
- Tölvukunnátta æskileg.
- Reynsla af plastiðnaði er kostur.
- Samviskusemi, stundvísi og reglusemi.
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð.

**Umsóknir þurfa að berast í síðasta lagi fimmtudaginn 28. janúar.**
**Hægt er að sækja um bæði störfin á www.plastprent.is .**
**Nauðsynlegt er að senda með nákvæma ferilskrá og taka fram hvort starfið sé verið að sækja um.**




# Yfirmaður Áhættustýringar

Landsbankinn

Laust er til umsóknar starf yfirmanns Áhættustýringar Landsbankans. Leitað er að kraftmiklum einstaklingi sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni á fjármálamarkaði.

Hlutverk Áhættustýringar er að greina og hafa eftirlit með heildaráhættu bankans. Sex deildir tilheyra einingunni: Eigna- og skuldaáhætta, hagdeild, hönnun og greining, markaðsáhætta, rekstraráhætta og útlánaáhætta.

## Helstu verkefni:
- Stjórnun og skipulagning áhættustýringar í bankanum.
- Stuðningur við yfirstjórn við að koma á og miðla markmiðum um áhættutöku.
- Yfirumsjón og eftirlit með gerð og útgáfu áhættuskýrslna, gæðum áhættugagna og skilum á skýrslum til hlutaðeigandi aðila, þar með talið bankaráðs og eftirlitsaðila.
- Samskipti við eftirlitsaðila og matsfyrirtæki.
- Yfirumsjón með mati á virðisrýrnun, álags- og sviðsmyndaprófunum og útreikningi á eiginfjárnotkun.

## Hæfniskröfur og eiginleikar:
- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Haldgóð reynsla og þekking á verkefnum fjármálafyrirtækja.
- Leiðtoga- og stjórnunarhæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Fagmennska og heiðarleg vinnubrögð.
- Framúrskarandi greiningarhæfileikar.
- Frumkvæði og sjálfstæði í störfum.
- Gott vald á úrvinnslu og framsetningu upplýsinga í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.

## Nánari upplýsingar veitir:
Atli Atlason, framkvæmdastjóri Starfsmannasviðs í síma 410 7904.

Umsókn fyllist út á vef bankans, www.landsbankinn.is, merkt „Yfirmaður Áhættustýringar". Umsóknarfrestur er til og með 2. febrúar nk.

Allar umsóknir eru meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.



# *Viltu vera í okkar liði?*

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Hjá Actavis starfa um 10 þúsund einstaklingar í 40 löndum, sem eru reiðubúnir að taka áskorunum með það að markmiði að koma Actavis í fremstu röð samheitalyfjafyrirtækja.

Actavis leitar að metnaðarfullum einstaklingi til starfa sem er tilbúinn að takast á við krefjandi verkefni.

## *Verkefnastjóri í áætlana- og skýrslugerð*

Starfið tilheyrir sölu- og markaðssviði Actavis á Íslandi og eru helstu verkefni sviðsins markaðssetning og kynning á vörum fyrirtækisins, gerð sölu- og kynningaráætlana, birgðastýring og skráning lyfja á innlendan markað.

Starfið felur m.a. í sér áætlana- og skýrslugerð fyrir sviðið og ábyrgð á þeim. Um er að ræða gerð söluáætlana fram í tímann, áætlanir fyrir líðandi ár sem og reglulega skýrslugerð um sölu og birgðir. Starfsmaður hefur auk þess umsjón með birgðahaldi í samvinnu við starfsmann birgðaeftirlits.

Við leitum að einstaklingi með viðskiptamenntun en háskólapróf í lyfjafræði, hjúkrunarfræði eða raunvísindum kemur einnig til greina auk þess sem reynsla af íslenska lyfjamarkaðinum er kostur. Gerð er krafa um góða íslensku- og enskukunnáttu, auk góðrar tölvukunnáttu og þá sérstaklega í Excel. Viðkomandi þarf að vera góður í mannlegum samskiptum, jafnframt er gerð krafa um sjálfstæð, öguð og nákvæm vinnubrögð.

Nánari upplýsingar veitir **Ragnheiður Dögg Ísaksdóttir**, risaksdottir@actavis.com.
Umsóknir óskast fylltar út á www.actavis.is, undir **Störf í boði** fyrir **31. janúar nk**.

Actavis Group Dalshrauni 1 220 Hafnarfirði s 535 2300 f 535 2301 @ actavis@actavis.com w www.actavis.com

actavis

## Verkefnisstjóri AUS

AUS, alþjóðleg ungmennaskipti, leita að dugmiklum, jákvæðum og sveigjanlegum einstaklingi í 70% starf sem verkefnisstjóri félagsins.

AUS eru alþjóðleg sjálfboðaliða- og fræðslusamtök sem rekin eru án hagnaðarsjónarmiða og hafa það m.a. að markmiði að auka skilning milli einstaklinga og þjóða.

Starf verkefnisstjóra felst í vinnslu umsókna sjálfboðaliða, markaðssetningu félagsins og önnur tilfallandi störf. Viðkomandi þarf að vera skipulagður, með góða tungumálakunnáttu, hæfni í mannlegum samskiptum og tilbúinn að sækja ráðstefnur m.a. erlendis.

Nánari upplýsingar gefur Sabine Leskopf, framkvæmdastjóri AUS, í síma 517-7008 eða sabine@aus.is. Umsóknarfrestur er til 8. Febrúar 2010 og umsóknir berist til sabine@aus.is.

aus

Samhjálp

## Hlaðgerðarkot

Laus er til umsóknar staða umsjónarmanns í Hlaðgerðarkoti, meðferðarheimili fyrir áfengis- og vímuefnaneytendur.

Starfið hentar jafnt konum sem körlum.

Nánari upplýsingar á www.samhjalp.is og hjá framkvæmdastjóra í s. 561 1000.

vísir.is

"...ég sá það á vísi"

512 50 50 Auglýsingasími – Mest lesið

ADAKRIS

**Adakris UAB, útibú á Íslandi óskar eftir öflugum ritara.**

**Starfssvið:**

- Símasvörun og móttaka gesta
- Aðstoð við ýmis verkefni, s.s bókun reikninga og excel vinna
- Umsjón með kaffistofu; tiltekt, innkaup ofl.
- Innkaup á ritföngum
- Ýmis aðstoð s.s. ljósritun, bréfaskriftir, yfirlestur samninga ofl.

**Hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf er skilyrði, frekari menntun er kostur
- Góð íslensku- og enskukunnátta er nauðsynleg
- Góð almenn tölvukunnátta (excel og word)
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Frumkvæði í starfi
- Hæfni í mannlegum samskiptum

**Áhugasamir sendi póst á agust@adakris.is**

## Lyfjatæknar / Snyrtifræðingar / Starfsfólk í afgreiðslu

**Nýtt, einkarekið apótek í Hafnarfirði óskar eftir starfsfólki. 100% störf og hlutastörf í boði.**

**Helstu verkefni:**

- Afgreiðsla í verslun
- Þjónusta og upplýsingagjöf til viðskiptavina
- Móttaka og frágangur á vörum
- Samskipti við birgja

**Hæfniskröfur:**

- Lyfjatækniprróf / Snyrtifræðingspróf / Reynsla úr apóteki
- Þjónustulund
- Sjálfstæði í störfum og sveigjanleiki
- Létt lund og góður húmor

Áhugasamir eru beðnir um að skila inn umsóknum annað hvort á netfangið apotek.hfn@gmail eða til Fréttablaðsins merkt „Apótek – 100". Umsóknarfrestur er til 30. janúar n.k.



HYRNAN

# MATREIÐSLUMAÐUR

**Hyrnan Borgarnesi leitar að öflugum matreiðslumanni.**

STARFSSVIÐ:

- yfirumsjón með eldhúsi Hyrnunnar
- matreiðsla á rétti dagsins kvölds og morgna
- innkaup
- umsjón með birgðahaldi
- önnur tilfallandi störf

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu lærðir matreiðslumenn. Áhersla er lögð á styrkleika í mannlegum samskiptum, sjálfstæð vinnubrögð, skipulagshæfni, reglusemi og árverkni í hvívetna.

Umsóknir ásamt starfsferilskrá sendist á sigurdur@hyrnan.is. Allar nánari upplýsingar veitir Sigurður Guðmundsson, rekstrarstjóri í síma 862-5427.

Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar nk.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

## Styrkir úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla 2010

Samband íslenskra sveitarfélaga auglýsir eftir umsóknum í Endurmenntunarsjóð grunnskóla árið 2010. Þeir sem hyggjast standa fyrir endurmenntun fyrir kennara og stjórnendur grunnskóla geta sótt um framlög úr sjóðnum, þar á meðal háskólar, skólaskrifstofur, sveitarfélög, skólar, félög, fyrirtæki og aðrir. Gert er ráð fyrir að námskeiðum verði að fullu lokið eigi síðar en við lok skólaársins 2010-2011. Verði ekki unnt að ljúka námskeiðum innan þeirra tímamarka fellur styrkveiting niður.

Stjórn sjóðsins hefur ákveðið að allt að þriðjungi ráðstöfunarfjár verði úthlutað til verkefna sem tengjast:

- Færni í upplýsingatækni við kennslu
- Námsmatsaðferðum

Umsækjendum er gert að sækja um á rafrænu formi. Í umsóknum skal gefa ítarlegar upplýsingar um hvers konar endurmenntunartilboð umsækjandi hyggst bjóða, m.a. markmið námsins, stað og tíma, áætlaðan fjölda þátttakenda, skipulag kennslu, stjórnun, ábyrgðarmann og annað það sem máli kann að skipta við mat á umsókn. Einnig skal leggja fram sundurliðaða kostnaðaráætlun. Þær umsóknir einar koma til álita sem sýna fram á að endurmenntunartilboðið mæti þörfum grunnskólans, sé byggt á skólastefnu, aðalnámsskrá, fagmennsku og gæðum. Sjóðurinn veitir ekki fé til ferða og uppihalds.

Þegar fyrir liggur ákvörðun um hverjir fá styrk verður gerður sérstakur samningur um hvert endurmenntunarverkefni.
Umsóknarfrestur er til 22. febrúar 2010. Umsóknum skal skilað inn á rafrænu formi á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga www.samband.is.

Nánari upplýsingar um Endurmenntunarsjóð grunnskóla veitir Guðfinna Harðardóttir í síma 515 4900 eða í tölvupósti á gudfinna.hardardottir@samband.is.

# Verkefnisstjóri á kennslusviði

**Kennslusvið** auglýsir eftir verkefnisstjóra við mat á skilríkjum um nám og próf og tengd verkefni. Starfið felur m.a. í sér: skráningu og skönnun umsókna, skjalavörslu og skráningu erinda í málaskráningarkerfi Háskólans, bréfa- og tölvusamskipti við umsækjendur og stofnanir auk mats á námi.

**Matsskrifstofa (Recognition Office)** er þjónustu- og upplýsingaskrifstofa þar sem fram fer mat á námi frá innlendum og erlendum skólum og upplýsingagjöf um mat á námi til innlendra sem erlendra aðila.

Verkefnisstjórinn skal hafa háskólamenntun sem nýtist í starfi, frumkvæði, metnað og lipurð og hæfni í mannlegum samskiptum. Æskilegt er að umsækjendur hafi þekkingu eða reynslu af störfum í háskólasamfélaginu og góða tungumálakunnáttu.

Nánari upplýsingar veitir Gísli Fannberg deildarstjóri í síma 525 5256 eða um tölvupóst, gf@hi.is.

**Umsóknarfrestur er til og með 8. febrúar.**

Sjá nánar um menntunar- og hæfniskröfur, ráðningarferlið og starfið á **www.starfatorg.is** og **www.hi.is/is/skolinn/laus_storf**

Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.

HÁSKÓLI ÍSLANDS

PIPAR\TBWA · SÍA · 100253




# VELKOMIN HEIM

## FLUGFREYJUR I FLUGÞJÓNAR

Vegna aukinna umsvifa hjá Icelandair sumarið 2010 erum við stolt af því að geta fjölgað umtalsvert í hópi flugfreyja og flugþjóna okkar.

Við erum að leita að fólki sem býr yfir reynslu og þjálfun frá Icelandair og hefur kraft og metnað til að taka þátt í áframhaldandi uppbyggingu félagsins. Um er að ræða tímabundin störf.

**NAUÐSYNLEGT ER AÐ UMSÆKJENDUR:**

- Hafi lokið nýliðaþjálfun flugfreyja/-þjóna hjá Icelandair.
- Hafi áður starfað sem flugfreyja/-þjónn hjá Icelandair í a.m.k. þrjá mánuði og með gild réttindi.

Við ráðningu verður notast við sama ráðningarferli og undanfarin ár, þar sem stuðst er við reynslu og hæfni umsækjanda.

Umsóknir óskast fylltar út á heimasíðu Icelandair **www.icelandair.is/umsokn** eigi síðar en 2. febrúar 2010. Fullur trúnaður ríkir um allar umsóknir og stefnt er að því að þeim verði svarað eigi síðar en 22. febrúar 2010.

**NÁNARI UPPLÝSINGAR VEITA:**

- Birna Bragadóttir, sími 50 50 329, bib@icelandair.is
- Hópstjórar, sími 50 50 288, teamleaders@icelandair.is
- Kristín Björnsdóttir, sími 50 50 155, stina@icelandair.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

» **Ráðningarþjónusta**

# Leitar þú að starfsmanni?

**HH Ráðgjöf** hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.




» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

**Vinnusparnaður**
Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

**Markviss leit**
Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

**Þriggja mánaða ábyrgð**
Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

**Ekkert staðfestingargjald**
Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavini okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

**Fjöldi hæfra umsækjenda**
Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

**Fjölbreyttar þjónustuleiðir**
Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

**Reynsla og þekking**
Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

**Sanngjarnt verð**
Bjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

**HH Ráðgjöf** er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is

HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

» HH Ráðgjöf • Fiskislóð 81 • 101 Reykjavík • Sími: 561 5900 • Fax: 561 5909 • hhr@hhr.is • www.hhr.is

## Styrkir

### Auglýsing frá fornleifasjóði

# Auglýsing um styrki 2010

Fornleifasjóður auglýsir eftir umsóknum um styrki úr sjóðnum skv. 24. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001. Veittir verða styrkir til verkefna sem stuðla að rannsóknum og varðveislu á fornleifum og forngripum. Umsóknarfrestur er til 15. febrúar 2010. Á fjárlögum 2010 eru 19,1 milljónir króna til ráðstöfunar. Úthlutunarreglur sjóðsins nr. 73/2004 eru birtar í Stjórnartíðindum og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis, menntamalaraduneyti.is. **Umsóknir, í fjórum eintökum, sendist stjórn fornleifasjóðs, mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík.**

Stjórn fornleifasjóðs
20. janúar 2010

# Styrkir

## Barnavinafélagið Sumargjöf

**auglýsir styrki til rannsókna, lista og þróunarverkefna, sem geta nýst börnum á leik- og grunnskólaaldri.**

Umsókn, ásamt greinargerð um verkefnið, skal senda fyrir 15. febrúar 2010.

Stjórn Barnavinafélagsins Sumargjafar áskilur sér rétt til að óska eftir nánari upplýsingum um verkefnið og fjármögnun þess og leita umsagnar fagaðila.

Reykjavík 14. janúar 2010.
Barnavinafélagið Sumargjöf
Pósthólf 5423, 125 Reykjavík
Netf: sumargjof@simnet.is

# Styrkur frá NATA

## Samstarf á sviði ferðamála milli Grænlands, Íslands og Færeyja

Allir sem áhuga hafa á bættum samskiptum á sviði ferðamála milli landanna þriggja geta leitað eftir aðstoð við að fjármagna verkefni, hugmyndir, ferðir eða því um líkt. Umsóknir skulu fela í sér samstarf milli tveggja af löndunum þremur hið minnsta.

***Sækja má um aðstoð á eftirfarandi sviðum:***

**Þróun ferða**
Siglingar, þemaferðir, stuttar heimsóknir (short break) o.s.frv.

**Markaðssetning í ferðaþjónustu og greining sóknartækifæra**
Alþjóðleg átaksverkefni á sviði ferðaþjónustu.

**Menntun**
Faglegar námsferðir, menntun á sviði ferðamála, dvöl til að kynna sér aðstæður.

Allar umsóknir skulu vera á þar til gerðum eyðublöðum. Sem fylgiskjöl með umsókninni skal leggja fram nákvæma útlistun á verkefni, svo og fjárhagsáætlun. Umsóknir skulu vera á dönsku eða ensku og sendast til:

**NATA c/o**
Ferðamálastofa
Geirsgata 9,
101 Reykjavík

**Lokafrestur til að senda umsóknir er 15. febrúar 2010**
Umsóknareyðublað má nálgast á vef Ferðamálastofu,
www.ferdamalastofa.is
Fyrirspurnir varðandi vinnslu umsóknar sendist til:
sigrun@icetourist.is

NATA er samstarfssamningur ferðamálaráðuneyta í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi. Markmið samningsins er að auka skilvirkni í samstarfi aðila er sinna ferðamálum í Færeyjum, á Grænlandi og á Íslandi með því að styrkja, samhæfa og tryggja framboð samvinnuverkefna aðildarlandanna á þeim sviðum ferðamála þar sem þau eiga einkum sameiginlegra hagsmuna að gæta.

NATA
North Atlantic Tourism Association

## Fundir

### -Hluthafafundur 365 miðla ehf.-

Hluthafafundur í 365 miðlum ehf. verður haldinn á starfsstöð fyrirtækisins að Skaftahlíð 24, Reykjavík (matsal), þriðjudaginn 2. febrúar 2010 kl. 16:00.

**Dagskrá fundarins:**

1. Setning fundar.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Tillaga um hækkun á hlutafé félagsins. Fyrir fundinum liggur svohljóðandi tillaga:

Hluthafafundur 365 miðla ehf., haldinn 2. febrúar 2010 leggur til að hlutafé félagsins verði hækkað um 1.000.000.000 kr. (eittþúsundmilljónirkróna) að nafnverði þannig að hlutafé félagsins samkvæmt samþykktum nemi 3.017.323.419 kr. að nafnverði. Með vísan til heimildar í 12 gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 þá samþykkir fundurinn ennfremur að hlutum í félaginu skal skipt í tvo flokka, A-flokk og B-flokk. Skiptist framangreind hækkun þannig að 400.000.000 kr. að nafnverði verða í A-flokki hlutafjár og 600.000.000 kr. að nafnverði í B-flokki hlutafjár. Skipting hlutafjár verður því eftirfarandi:

A-flokkur að nafnverði 2.417.323.419 kr.
B-flokkur að nafnverði 600.000.000 kr.

Hlutafé í báður flokkum er 1 króna að nafnverði en hlutir í báðum flokkum veita jöfn réttindi hluthafa að undanskildum atkvæðis - og arðsrétti. Þegar úthlutað er arði til hluthafa eftir ákvörðun hluthafafundar, skulu B-hlutir njóta forgangs, þannig að 25% ávöxtun af nafnverði B-hluta greiðist til þeirra áður en nokkur arður er greiddur vegna A-hluta. Hlutir í B-flokki eru án atkvæðisréttar.

Framangreindar breytingar verða felldar inn í samþykktir félagsins og liggja tillögur að nýjum greinum 4-6 frammi á skrifstofu þess.

4. Önnur mál, löglega upp borin.
5. Fundarslit.

Stjórn 365 miðla ehf.

## Tilkynningar

### Veitingahús – Gistiheimili - Hótel

Óskum eftir að taka á leigu/kaupa gott veitingarhús á Reykjavíkursvæðinu og eða á Akureyri og nágrenni, einnig kemur til greina að leigja/kaupa gott hótel á sömu stöðum. Erum matreiðslumeistarar með mikla reynslu af rekstri.

**Allar nánari upplýsingar gefnar á krk@stratum.is eða hjá Kristni í síma 8200762**

## Útboð

# ÚTBOÐ

ÍAV



## ÍAV óskar eftir tilboðum í flísalögn á starfsmannarými.

ÍAV óskar eftir tilboðum í flísalögn á starfsmannarými í Tónlistar- og ráðstefnuhúsinu í Reykjavík.

Um er að ræða lögn á 1.000 m2 af flísum.

Verkið skal unnið frá mars 2010 fram til janúar 2011.

Útboðsgögn er hægt að nálgast á útboðsvef ÍAV á slóðinni www.iav.is/utbodsvefur frá og með 26. janúar n.k.

Tilboðum skal skilað til ÍAV Höfðabakka 9, 4. hæð, 110 Reykjavík fyrir kl. 14:00 þann 9. febrúar næstkomandi.

iav.is Íslenskir aðalverktakar hf. Höfðabakka 9, 110 Reykjavík, sími 530 4200

## Fasteignir

Opið hús



# Litlikriki- Mosfellsbær

## - Opið hús í dag kl. 5-6

Ný raðhús á frábæru verði. Vorum að fá í sölu fjögur raðhús við Litlakrika 60-66. Húsin eru fullbúin að utan en komin mislangt að innan, fokhelt að tilbúnu til innréttinga. Frábær verð í boði.
***Fyrstur kemur fyrstur fær.***

**Björn sýnir s: 771-9432.**

GARÐATORG EIGNAMIÐLUN

## Sunnubraut Kópavogi

**Glæsilegt einbýlishús á frábærum stað við sjávarsíðuna**

Til leigu



Húsið er samtals 209 m², þar af 25,6 m² bílskúr. Innra skipulag: Forstofa með gestasnyrtingu og þvottahúsi. Stór stofa sem deilt er upp í dagstofu og sjónvarpsstofu. Gangsvæði sem verður að borðstofu og eldhúsi. Eitt rúmgott barna- eða gestaherbergi (upprunalega tvö)og annað minna (vinnuaðstaða). Svefnhverbergi hjóna með baðherbergi og pottrými. Frá stofu og pottrými er útgangur út á skjólgóða verönd.
**Sigurður s. 8983708**


Ertu með ábendingu er varðar dreifingu Fréttablaðsins ?

Við tökum vel á móti öllum ábendingum.

www.visir.is/posthusid – sími 585 8330

FRÉTTABLAÐIÐ



